

Nr. 21-092 S 059 Sólberg ÓF 1***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr.: 2917
IMO: 9774642
Smíðaður: Tyrkland, 2017, stál.
Útgerð: Rammi hf.
Stærð: 3719,5 BT.
Mesta lengd: 79,85 m *Skráð lengd*: 70,92 m
Breidd: 15,41 m *Dýpt*: 9,10 m
Vél: Wartsila, 4640 kW 2016
Fjöldi skipverja: 34



Sólberg © Brimbarinn

Gögn:
Gögn RNSA


Lokaskýrsla 4.apríl afgreidd 2022 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 12. september 2021 var frystitogarinn Sólberg ÓF 1 á togveiðum á Austfjarðamiðum. Veður: NNA 12 m/s.

Verið var að hefja vinnslu með tvískiptri vatnsskurðarvél og var hægri línun komin í gang. Urðu menn varir við að skrölt kom í færiband (outfeed) á hægri línunni sem tók við fiskstykkið af stálfæribaldi vélarinnar. Í ljós kom að hnakkastykki festist á milli færibanda. Skipverji fór þegar að losa fiskstykkið úr færibandinu en við það festi hann tvo fingur hægri handar á milli færibandanna. Annar skipverji, sem var að laga vinstri línuna, lét þegar stöðva vélina með neyðarstöðvun. Losa þurfti upp festingar til að losa hendina. Siglt var með slasaða til Neskaupstaðar.



Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Hinn slasaði var að ná til fiskstykkins þegar reimin á færibandinu stoppaði. Við það rann hann til, missti jafnvægið og lenti með fingurna á milli;
- Hinn slasaði var með gúmmihanska.
- Yfir færiböndunum var öryggishlíf sem fest var á vatnsskurðarvélina.
- Við að lyfta öryggishlífinni stöðvuðust báðar línur vélarinnar ásamt glussadrifnum búnaði, þ.m.t. öll færibönd, á vinnsluþilfarinu.
- Hinn slasaði fór með höndina undir öryggishlíf sem var aftan á vatnsskurðarvélinni til að freista þess að kom í veg fyrir að stöðva þyrfti vinnsluna.
- Skoðun leiddi í ljós að „outfeed“ færibandið var teygt, slakkt og skrölti á driftanhjólunum sem varð þess valdandi að fiskstykkið hafði komist þar á milli.
- Vatnsskurðarvélina var nýlega komin úr þjónustuskoðun;
- Öryggisnefnd var ekki starfandi öryggisnefnd né til áhættumat yfir störfin um borð.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var sú að vatnsskurðarvélina var ekki stöðvuð þegar fiskstykki festist í henni.

Nefndin minnir á reglugerð 200/2007 um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum.